



ÁRSSKÝRSLA 2010
Héraðsskjalasafn Árnesinga



© Héraðsskjalasafn
Árnesinga 2011

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi
Másson

Umbrot og prófarkalestur:
Þorsteinn Tryggvi Másson,
Sævar Logi Ólafsson og
Gunnar Marel Hinriksson.

Forsíðumyndin er af Leif
Østerby rakara á Selfossi.
Hún er úr safni Tómasar
Jónssonar 2010/45_TJ_2207.

Annáll 2010

Árið 2010 markaði tímamót í sögu Héraðsskjalasafns Árnesinga en 25 ár voru þá liðin frá stofnun þess. Undirbúningur vegna afmælisins hófst í byrjun árs en frá því er greint sérstaklega aftar í skýrslunni.

Sveitarstjórnarkosningar fóru fram á árinu og Héraðsnefnd Árnesinga kaus nýja stjórn skjalasafnsins um mitt ár. Hróðný Hanna Hauksdóttir og Páll Stefánsson hættu í stjórn en í þeirra stað voru kosnir Kjartan Björnsson og Sveinn Steinarsson. Tryggvi Steinarsson situr áfram í stjórn. Hróðnýju, Páli og Tryggva er þakkað fyrir samstarfið og ný stjórn boðin velkomin. Stjórnarfundir á árinu voru fimm.

Björn Pálsson fyrverandi héraðsskjala-vörður léti af störfum á skjalasafninu í janúar eftir meira en 21 ár í þjónustu þess, þar af 19 ár sem héraðsskjalavörður. Birni er þakkað fyrir það góða og óeigingjarna starf sem hann hefur unnið skjalasafninu til heilla. Sævar Logi Ólafsson sagnfræðingur var ráðinn í starf skjalavarðar í febrúar, því starfi hefur hann sinnt af stakri samviskusemi og dugaði.

Starfsemi og aðbúnaður

Gestabók hefur um árabil verið frammi á lestrarsal héraðsskjalasafnsins. Til viðbótar við talningu gesta er tekinn saman fjöldi fyrirspurna og erinda auk lána á lestrarsal. Petta eru mikilvægar upplýsingar um þá þjónustu sem starfsmenn skjalasafnsins veita sveitarfélögum og íbúum sýslunnar. Þar fyrir utan nýtti fjöldi stofnana og einstaklinga utan sýslunnar sér þjónustu skjalasafnsins. Gestir voru 840, sem er nokkur fjölgun frá árinu á undan, en fyrirspurnir og erindi, þ.m.t. lán á sal, voru alls 468. Afhendingar voru 112.

Rúmlega þriðjungur allra fyrirspurna, erinda og afhendinga, eða 157, komu frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. Þá voru skjöl á Pjóðsskjalasafni Íslands fengin í millisafnaláni og skjöl frá Héraðsskjalasafninu send í millisafnalán á Pjóðsskjalasafn. Með millisafnalánum er gestum safnanna gert kleyft að vinna að rannsóknunum í heimabyggð og ferðakostnaði haldið í lágmarki. Skráning á skjölum sem lánuð eru á lestrarsal er öryggisatriði. Þá þarf að huga að mögulegri afritun á skjölum sem eru mikið í notkun, þ.e. skönnun eða stafræn ljósmyndun. Þá má hugsa sér að ákveðin skjöl verði gerð aðgengileg almenningi á heimasiðu Félags héraðsskjalarvarða. Lán á lestrarsal geta líka haft áhrif á safnastefnu skjalasafnsins þegar horft er til skjalasafna einstaklinga. Meginreglan er eftir sem áður sú að taka við öllum skjölum einstaklinga.

Afgreiðslutími skjalasafnsins er óbreyttur frá fyrra ári. Sú hefð hefur þó skapast gegnum árin að tekið er á móti gestum sem koma utan auglýsts opnunartíma.

Nokkrum tíma var í upphafi árs varið í að fara yfir fyrirliggjandi verkefni og leitast við að skipuleggja starfsemi skjalasafnsins fram í tímann. Skráning afhendinga sem skjalasafninu bárust á árinu 2010 var sinnt jafnóðum og skjalasöfnin bárust. Skráningu á afhendingum sem bárust 2009 var lokið um mitt ár og þá lauk skráningu á afhendingum frá 2008 í desember.

Skjalasafninu bárust 79 afhendingar 2008, 43 afhendingar voru skráðar árið 2010, samtals 9,07 hillumetrar og þá var farið yfir 36 afhendingar, alls 14,43 hillumetra. 71 afhending barst

skjalasafninu árið 2009. 49 afhendingar voru skráðar árið 2010, samtals 16,86 hillumetar og farið yfir 22 afhendingar, alls 2,45 hillumetar. Árið 2010 bárust skjalasafninu 112 afhendingar og hafa þær aldrei verið fleiri á einu ári. Þetta eru 43,72 hillumetar. Þá voru skráðar 22 afhendingar með sem ekki er vitað með vissu hvernær bárust skjalasafninu, alls 1,29 hillumetar. Þær eru auðkendar með 1010/ auk afhendinganúmers sem vísar til þess að þær eru skráðar árið 2010. Alls voru skráðir 61,44 hillumetar af skjölum og farið yfir 16,88 hillumetra eða samtals 78,32 hillumetra. Þetta eru 273 afhendingar auk 11 ljósmyndasafna en þau og 2010/86 eru óskráð. Skráning skjalasafna var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavarðar.

Minningarsjóður Helga Ívarssonar fræðimanns og bónda í Hólum í Stokks-eyrarhreppi styrkti söfnun á ljósmyndum í sýslunni með 250.000 króna framlagi. Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari hafði umsjón með verkefninu. 10 ljósmyndasöfn voru sérstaklega afhent skjalasafninu í tengslum við átakið. Stærstu ljósmyndasöfnin eru söfn Jóhanns Þórs Sigurbergssonar, Tómasar Jónssonar og Sigurðar Jónssonar en samanlagður fjöldi mynda í þessum þremur söfnum er yfir 50.000.

Félag héraðsskjalavarða stóð fyrir átaksverkefni um söfnun skjala sóknarnefnda ásamt Biskupi Íslands, hr. Karli Sigurbjörnssyni. Átakinu er ekki lokið en heimtur á skjölum sóknarnefnda í Árnesþingi eru góðar. Þá heldur félagið úti heimasiðunni www.heraðsskjalasafn.is en þar má finna fróðleik um héraðsskjalasöfnum, tilgang skjalavörslu, skjalavörslu sveitarfélaga,

einstaklinga og félaga auk upplýsinga um það sem hæst ber á góma í heimi skjalavörslu. Félag héraðsskjalavarða rennir þannig styrkari stoðum undir þekkingu og fagvitund starfsmanna á skjalasöfnunum. Þorsteinn Tryggvi situr í stjórn félagsins.

Þorsteinn Tryggvi ritaði ásamt Hrafni Sveinbjarnarsyni grein í Nord-ísk Arkivnyt, sem er tímarit norrænu þjóðskjalasafnanna, um fyrsta átaksverkefni Félags héraðsskjalavarða sem var söfnun á skjölum kvenna og kvenfélaga.

Sýningar

Skjalasafnið tók þátt í fjölda sýninga á árinu. Í mars var opnuð í Listagjánni í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar ljósmyndasýninginn *Maður er nefndur*. Þar sem óskráðar ljósmyndir í vörlusu skjalasafnsins voru sýndar og gestir hvattir til að koma upplýsingum um fólk á myndunum til skjalasafnsins. Sýningin var líka sett upp á Bókasafninu í Hveragerði og á Bæjarbókasafni Ölfus í Þorlákshöfn. Sýningin var líka inni á síðu skjalasafnsins á Facebook þar sem almenningi var gefinn kostur á því að merkja við andlit. Yfir 200 nöfn á einstaklingum bárust og einfölduðu skráningu þessara ljósmynda. Þá tók skjalasafnið þátt í Vori í Árborg með sýningu á ljósmyndum í Kaffi Krús og í byrjun nóvember tók það þátt í Safnahelginni á Suðurlandi. Ragnar Böðvarsson ættfræðingur aðstoðaði gesti á skjalasafninu við lestar á kirkju-bókum sem til eru á filmum á skjalasafninu auk Þorsteins Tryggva. Skjalasafnið tók einnig þátt í Norræna skjaladeginum 2010. Héraðsskjalasöfnum voru með sameiginlega dagskrá í

Grófarhusi í Reykjavík, þar sem Borgarskjalasafn Reykjavíkur er til húsa, undir yfirskriftinni *Eins og vindurinn blæs...* Sævar Logi Ólafsson skjalavörður flutti þar erindi um loftvarnir á árum seinni heimstyrjaldarinnar og skjöl og ljósmyndir í vörlu skjalasafnsins voru til sýnis. Þá lagði skjalasafnið til efni á vefinn www.skjaladagur.is. Þorsteinn Tryggvi var í undirbúningsnefnd Norræna skjaladagsins á Íslandi.

Námskeið og fundir

Í febrúarlok kynntu starfsmenn Þjóðskjalasafns Íslands handbók um skjalavörslu sveitarfélaga á tveggja daga fundi. Héraðsskjalaverðir höfðu nokkru áður gert athugasemdir við handbókina. Miklar umræður spunnust um gerð bókarinnar og innleiðingu fyrirmæla hennar á sveitarstjórnarstiginu. Starfsmenn skjalasafnsins hafa fundað með sveitarstjórum í öllum sveitarfélögum innan sýslunnar þar sem handbókin var kynnt. Þá hófst vinna við gerð bréfalykla fyrir sveitarfélögin á haustmánuðum. Flóahreppur var svo fyrsta sveitarfélagið á landinu til að fá samþykktan bréfalykil. Á vormánuðum 2011 munu öll sveitarfélögin í uppsveitum sýslunnar verða komin með samþykkta bréfalykla en undirbúningur að þeirri vinnu hófst á haustmánuðum 2010.

Á alþjóðaskjaladaginn 9. júní stóð Félag héraðsskjalavarða á Íslandi fyrir námskeiði um skjalavörslu leik- og grunnskóla. Þorsteinn Tryggvi fjallaði þar um bréfalykla leikskóla auk þess sem Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður Kópavogs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður fluttu erindi.

Í september var fundur Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalavarða haldinn á Höfn í Hornafirði þar sem Héraðsskjalasafn Austur-Skaftfellinga var gestgjafi.

Þorsteinn Tryggvi var í hópi þriggja héraðsskjalavarða sem fóru til Kaupmannahafnar í lok september. Þar voru Skjalasafn Kaupmannahafnarborgar og Ríkisskjalasafn Danmerkur heimsótt. En markmið heimsóknarinnar var að kynnast betur aðferðum Dana við langtímarðveislu rafrænna skjala. Fjöldi sveitarfélaga í Danmörku hafa bundist samtökum um að varðveita rafræn skjöl. Nú er unnið að því að taka saman skýrslu þar sem helstu niðurstöður úr ferðinni verða kynntar. Ljóst er að langtímarðveisla rafrænna skjala er enn sem komið er dýrari en hefðbundin varðveisla á pappír og þá vantart enn mikið upp á að leitarbærni í rafrænum vörlsuútgáfum sé viðunandi. Enginn kostnaður féll á skjalasafnið vegna ferðarinnar.

Stofnbúnaður og tæknimál

Tölvukost skjalasafnsins þarf að bæta vegna skönnunar og skráningar á ljósmyndum sem safninu hafa borist. ISAD-G staðall um skráningu skjala er notaður og farið yfir eldri afhendingar til að tryggja að skráning þeirra sé í samræmi við staðalinn. Þá var unnið að því að tryggja gagnaöryggi skjalasafnsins enn frekar en afrit allra rafrænna skjala verða bæði vistuð í eldvörðum geymslugum á safninu auk þess að vera vistuð utan þess. Þá er unnið að því að prenta út allar skrár og skjöl safnsins til að tryggja varanlega varðveislu þeirra.

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2010

Rekstrartekjur safnsins voru 14.023.393 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 14698.074 kr. Rekstrartap ársins var 641.459. Arfur Helga Ívarssonar skilar 171.792 kr. hagnaði.

	2010	2010	REKSTUR
	SKJALASAFN	ARFUR	SAMTALS

Rekstrartekjur:

HÉRAÐSNEFND ÁRNEsinga	12.000.000	12.000.000
ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS	1.021.591	1.021.591
STYRKUR	250.000	250.000
SELD ÞJÓNUSTA/HÚSALEIGA	751.802	290.000
SAMTALS	14.023.393	290.000
		14.313.393

Rekstrargjöld:

LAUN OG LAUNATENGD GJÖLD	11.516.805	11.516.805
ANNAR REKSTRARKOSTN.	2.956.099	530.643
STOFNBÚNAÐUR	225.170	225.170
AFSKRIFTIR	290.625	
SAMTALS	14.698.074	821.268
		15.519.342

Rekstrar- (tap), hagnaður fyrir fjármagnsliði (674.681) (531.268) (1.205.949)

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

VAXTATEKJUR	34.865	703.327	738.192
VAXTA OG FÆRSLUGJÖLD	(1.643)	(267)	(1.910)
SAMTALS	33.222	703.060	736.282
(TAP) HAGNAÐUR	(641.459)	171.792	(469.667)

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2010

- 2010/1 HÉRAÐSBÓKASAFN ÁRNESSÝSLU. 0,3 hillumetrar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/2 UNGMENNAFÉLAG BISKUPSTUNGNA. 0,01 hillumetri – Skúli Sæland afhenti.
- 2010/3 FLÚÐASKÓLI. 1,2 hillumetrar – Guðrún Pétursdóttir skólastjóri afhenti.
- 2010/4 100 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI ÖLFUSÁRBRÚAR. 0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/5 JÓN GUÐMUNDSSON Í FJALLI Á SKEIÐUM. 0,03 hillumetrar – Dr. Porkell Jóhannesson afhenti.
- 2010/6 BRUNABÓTAFÉLAG ÍSLANDS, ÖLFUS-UMBOD. 0,25 hillumetrar – Sigurður Hermannsson, Gerðakoti í Ölfusi afhenti.
- 2010/7 FRAMRÆSLU OG ÁVEITUFÉLAG ÖLFUSINGA. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson, Gerðakoti í Ölfusi afhenti.
- 2010/8 SÓKNARNEFND HREPPHÓLAKIRKJU. 0,08 hillumetrar – Magnús A. Sigurðsson Birtingaholti afhenti.
- 2010/9 J.R.B. LEFOLII OG EINARSHÖFN H/F. 0,10 hillumetri – Inga Lára Baldvinsdóttir afhenti.
- 2010/10 INGVELDUR MAGNÚSDÓTTIR, LJÓS-MÓÐIR. 0,03 hillumetrar – Emelía Kristbjörnsdóttir, Vorsabæ á Skeiðum afhenti.
- 2010/11 SÓKNARNEFND HJALLASÓKNAR. 0,05 hillumetrar – Sigurður Hermannsson, Gerðakoti Ölfusi afhenti.
- 2010/12 RÓSA B. BLÖNDALDS. 0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/13 HÉRAÐSBÓKASAFN ÁRNESSÝSLU. 0,03 hillumetrar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/14 VERKALÝÐSFÉLAGID BJARMÍ. 1,0 hillumetri – Þjónustumiðstöð stéttarfélaga á Suðurlandi afhenti.
- 2010/15 ALÞYÐUSAMBAND SUÐURLANDS. 1,5 hillumetrar – Þjónustumiðstöð stéttarfélaga á Suðurlandi afhenti.
- 2010/16 STRAUMNES HF. 0,06 hillumetrar – Sigurjón Þ. Erlingsson afhenti.
- 2010/17 SAMNORRÆNT EYÐIBÝLAVERKEFNI. 0,18 hillumetrar – Björn Pálsson fyrv. héraðsskjalavörður afhenti.
- 2010/18 SÓKNARNEFND HAUKADALSSÓKNAR. 0,05 hillumetrar – Arnheiður Þórðardóttir afhenti.
- 2010/19 UNGMENNAFÉLAGID BALDUR. 0,03 hillumetrar – Svanhvít Hermannsdóttir afhenti.
- 2010/20 VERKALÝÐSFÉLAGID ÞÓR. 3,5 hillumetrar – Þjónustumiðstöð stéttarfélaga á Suðurlandi afhenti.
- 2010/21 SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR. 0,3 hillumetrar – Gunnar Örn Marteinsson oddviti afhenti.
- 2010/22 RANNVEIG PÁLSDÓTTIR, STÓRU SANDVÍK. 0,06 hillumetrar – Rannveig Pálsdóttir afhenti.
- 2010/23 KIRKJUKÓRASAMBAND ÁRNESPRÓFASTSDÆMIS. 0,06 hillumetrar – Rannveig Pálsdóttir afhenti.
- 2010/24 KVENFÉLAG GRÍMSNESREPPS. 0,08 hillumetrar – Kristín Karlssdóttir afhenti.
- 2010/25 HÉRAÐSSAMBANDID SKARPHÉÐINN. 0,18 hillumetrar – Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri afhenti.
- 2010/26 STEFÁN JASONARSON. 0,08 hillumetrar – Unnur Stefánsdóttir afhenti.
- 2010/27 UNGMENNAFÉLAG STOKKSEYRAR. 0,08 hillumetrar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2010/28 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 0,08 hillumetrar – Ingibjörg Stefánsdóttir, leikskólastjóri afhenti.
- 2010/29 STEFÁN JASONARSON. 0,7 hillumetrar – Unnur Stefánsdóttir afhenti.
- 2010/30 KVENFÉLAG GRÍMSNESREPPS. 0,06 hillumetrar – Kristín Karlssdóttir afhenti.
- 2010/31 SÓKNARNEFND MIDDALSKIRKJU. 0,5 hillumetrar – Gróa Berglind Pálmadóttir afhenti.
- 2010/32 LAUGAVATNSVEITUR. 0,12 hillumetrar – Hilmar Einarsson afhenti.
- 2010/33 UNGMENNAFÉLAG SKEIÐAMANNA. 0,44 hillumetrar – Jón Eiríksson, Vorsabæ á Skeiðum afhenti.
- 2010/34 AFRÉTTAMÁLAFÉLAG FLÓA- OG SKEIÐAHREPPA. 1 hillumetri – Jón Eiríksson, Vorsabæ á Skeiðum afhenti.
- 2010/35 SUNDHÖLL SELFOSS. 0,65 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg afhenti.
- 2010/36 ITC JÓRA SELFOSSI. 0,5 hillumetrar – Sigríður Pálsdóttir afhenti.
- 2010/37 JÓN GÍSLASON, STÓRU-REYKJUM. 0,06 hillumetrar – Þorsteinn Vilhjálmsson professor afhenti.
- 2010/38 KIRKJUKÓR STOKKSEYRARKIRKJU. 0,03 hillumetrar – Anna Guðrún Bjarnardóttir Holti afhenti.
- 2010/39 SÓKNARNEFND ÞORLÁKS- OG HJALLASÓKNAR. 0,2 hillumetrar – Guðrún S. Sigurðardóttir afhenti.

- 2010/40 SVEITARFÉLAGID ÁRBORG. 0,03
hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg afhenti.
- 2010/41 SKÓLANEFND GNÚPVERJASKÓLA. 0,03
hillumetrar – Gunnar Örn Marteinsson
oddviti afhenti.
- 2010/42 SÓKNARNEFND STOKKSEYRARSÓKNAR.
0,66 hillumetrar – Kristín Breiðfjörð
Pétursdóttir afhenti.
- 2010/43 GÍSLI BJARNASON – LJÓSMYNDIR. 0,03
hillumetrar – Benedikta G. Waage afhenti.
- 2010/44 HJÖRTUR KRISTINSSON – LJÓSMYNDIR. 0,5
hillumetrar – Anna María Tómasdóttir afhentí.
- 2010/45 Tómas Jónsson – LJÓSMYNDIR. 0,5
hillumetrar – Tómas Jónsson afhenti.
- 2010/46 SÓKNARNEFND EYRARBAKKASÓKNAR. 0,3
hillumetrar – Sr. Sveinn Valgeirsson afhenti.
- 2010/47 SAGRÚN KRISTJÁNSDÓTTIR – LJÓSMYNDIR.
0,03 hillumetrar – Gunnar Marel Hinriksson
afhenti.
- 2010/48 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,03 hillumetrar –
Stjórn Leikfélags Selfoss afhenti.
- 2010/49 SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2010.
0,06 hillumetrar – Héraðsskjalasafn
Árnesinga afhenti.
- 2010/50 HÉRAÐSNEFND ÁRNEISINGA. 0,03
hillumetrar – Héraðsnefnd Árnesinga,
Ragnheiður Hergéirs dóttir oddviti afhenti.
- 2010/51 LEIKSKÓLINN GLAÐHEIMAR. 0,8
hillumetrar – Leikskólinn Jötunheimar,
Eygló Aðalsteinsdóttir, leikskólastjóri
afhenti.
- 2010/52 SIGURJÓN P. ERLINGSSON. 0,03
hillumetrar – Sigurjón P. Erlingsson afhenti.
- 2010/53 SAMBAND SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA. 5,2 hillumetrar – Samband
Sunnlenksra sveitarfélaga, Þorvarður
Hjaltason afhenti.
- 2010/54 SKÓLASKRIFTSTOA SUÐURLANDS. 0,38
hillumetrar – Skólaskrifstofa Suðurlands,
Kristín Hreinsdóttir afhenti.
- 2010/55 SÓKNARNEFND HRAUNGERÐIS- OG
LAUGARDÆLASÓKNA. 0,05 hillumetrar –
Sóknarnefnd Selfosskirkju, Eysteinn Ó.
Jónasson afhenti.
- 2010/56 AAGE MICHELSSEN. 0,03 hillumetrar –
Kári Michelsen afhenti.
- 2010/57 BENEDIKT THORARENSEN. 3,1
hillumetri – Sigríður Stefánsdóttir afhenti.
- 2010/58 JÓHANN PÓR SIGURBERGSSON –
LJÓSMYNDIR. 1 hillumetri – Jóhann Pór
Sigurbergsson afhenti.
- 2010/59 MARGRÉT EINARSDÓTTIR FRÁ
ÞÓRODDSTÖÐUM. 0,03 hillumetrar – Jóhann
Pór Sigurbergsson afhenti.
- 2010/60 SÍMON E. SIGMUNDSSON OG SESELJA SIG-
MUNDSDÓTTIR. 0,17 hillumetrar – Guðrún
Þórarinsdóttir og Kristín Þórarinsdóttir
afhentu.
- 2010/61 INGIBJÖRG STEFÁNSDÓTTIR
– LJÓSMYNDIR. 0,03 hillumetrar –
Ljósmyndasafn Austfirðinga afhenti.
- 2010/62 PÓRARINN GUNNARSSON,
SUNDJÁLFARI. 0,06 hillumetrar – Eygló
Jóna Gunnarsdóttir afhenti.
- 2010/63 GUÐJÓN SIGFÚSSON, STRAUMNES HF.
0,05 hillumetrar – Guðbjörg Guðjónsdóttir
afhenti.
- 2010/64 SVEITARFÉLAGID ÁRBORG. 0,03
hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg afhenti.
- 2010/65 LAUGALANDSSKÓLI, SÉRKENNSLUGÖGN.
0,12 hillumetrar – Laugalandsskóli,
Kolbrún Sigþórsdóttir afhenti.
- 2010/66 VEIDIÐIDAGBÓK EFRA-SOGS,
ÞINGVALLAVATNS OG ÚLFLJÓTSVATNS. 0,03
hillumetrar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2010/67 KVENNALISTINN Á SUDURLANDI. 0,03
hillumetrar – Sigríður Matthíásdóttir afhenti.
- 2010/68 SJÍKRASAMLAG EYRARBAKKA. 0,6
hillumetrar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/69 UPPLÝSINGAMIÐSTÖÐ ÁRBORGAR. 0,23
hillumetrar – Upplýsingamiðstöð Árborgar
afhenti.
- 2010/70 INGÓLFUR ÁSTMARSSON. 0,03
hillumetrar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/71 ARNOLD PÉTURSSON – LJÓSMYNDIR.
0,03 hillumetrar – Elín Arnoldsdóttir
afhenti.
- 2010/72 BRYJÓLFUR BJÖRNSSON – LJÓSMYNDIR.
0,03 hillumetrar – Björn Brynjólfsson
afhenti.
- 2010/73 HALLDÓR PÓRDARSON – LJÓSMYNDIR.
0,03 hillumetrar – Halldór Þórdarson
afhenti.
- 2010/74 HAUKUR GÍSLASON – LJÓSMYNDIR. 0,03
hillumetrar – Gunnar Sigurgeirsson afhenti.
- 2010/75 JÓLATÓNLEIKAR Í SELFOSSKIRKJU
1978. 0,03 hillumetrar – Menningarnefnd
Árborgar afhenti.
- 2010/76 JÓN JÓNSSON SKIPHOLTI OG VALDÍS
JÓNSDÓTTIR. 0,14 hillumetrar – Eva
Dagbjört Þórdardóttir afhenti.

- 2010/77 INGIMUNDUR GUÐMUNDSSON. 0,05
hillumetar – Þórarinn Ingimundarson
afhenti.
- 2010/78 FÉLAG ELDRI BORGARA Í HVERAGERÐI.
0,42 hillumetar – Félag eldri borgara í
Hveragerði afhenti.
- 2010/79 GUNNAR JÓNSSON OG HELGA
ÞÓRÐARDÓTTIR. 0,43 hillumetar – Eggló
Jóna Gunnarsdóttir afhenti.
- 2010/80 SÓKNARNEFND SELFOSSKIRKJU. 0,05
hillumetar – Sóknarnefnd Selfosskirkju,
Eysteinn Ó. Jónasson afhenti.
- 2010/81 HVERAFUGLINN. 0,03 hillumetar –
Bryndís Sigurðardóttir afhenti.
- 2010/82 HELGI KRISTJÁNSSON. 0,03 hillumetar
– Helgi Kristjánsson afhenti.
- 2010/83 SÓKNARNEFND HJALLAKIRKJU. 0,17
hillumetar – Bæjarbókasafn Ölfuss afhenti.
- 2010/84 SIGURÐUR ÞORLEIFSSON. 0,17
hillumetar – Bæjarbókasafn Ölfuss afhenti.
- 2010/85 BÓKASAFN ÞORLÁKSHAFNAR. 0,17
hillumetar – Bæjarbókasafn Ölfuss afhenti.
- 2010/86 HÉRADSSAMBANDID SKARPHÉDINN.
9,5 hillumetar – Héraðssambandið
Skarphéðinn, Engilbert Olgeirsson afhenti.
- 2010/87 VILLINGAHOLTSDEILD MJÓLKURBÚS
FLÓAMANNA. 0,03 hillumetar – Einar
Haraldsson afhenti.
- 2010/88 FÉLAG ELDRI BORGARA Á SELFOSSI.
0,03 hillumetar – Heiððis Gunnarsdóttir
afhenti.
- 2010/89 UMGENNNAFÉLAGIÐ HVÖT.
0,05 hillumetar – Grímsnes- og
Grafningshreppur afhenti.
- 2010/90 SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI
ÁRBORGAR. 1,25 hillumetri – Skipulags- og
byggingafulltrúi afhenti.
- 2010/91 BÓKASAFN STOKKSEYRAR. 0,25
hillumetar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/92 SIGURÐUR JÓNSSON - LJÓSMYNDIR.
0,25 hillumetar – Sigurður Jónsson afhenti.
- 2010/93 JÓN SIGURÐSSON, ÚTHLÍÐ -
LJÓSMYNDIR. 0,5 hillumetar – Baldur
Sigurðsson afhenti.
- 2010/94 BARNASKÓLINN Á STOKKSEYRI. 0,05
hillumetar – Bókasafn Árborgar afhenti.
- 2010/95 NORRÆNA FÉLAGID Á SELFOSSI. 0,23
hillumetar – Hjörtur Þórarinsson afhenti.
- 2010/96 SKÁLAFELL HF. 0,06 hillumetar –
Bæjarbókasafn Ölfuss afhenti.
- 2010/97 KRISTINN ÖGMUNDSSON FRÁ
HJÁLMHOLTI. 0,03 hillumetar – Jón M.
Ívarsson afhenti.
- 2010/98 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON. 0,03
hillumetar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2010/99 UMGENNNAFÉLAG HRUNAMANNA. 0,03
hillumetar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2010/100 HÉRADSSAMBANDID SKARPHÉDINN.
0,6 hillumetar – Jón M. Ívarsson afhenti.
- 2010/101 UMGENNNAFÉLAG HVERAGERÐIS OG
ÖLFUSS. 0,08 hillumetar – Jón M. Ívarsson
afhenti.
- 2010/102 SIGURJÓN ERLINGSSON. 0,03
hillumetar – Sigurjón Erlingsson afhenti.
- 2010/103 KAUPPFÉLAG ÁRNESINGA. 0,75
hillumetar – Guðmundur Búason afhenti.
- 2010/104 LEIKFÉLAG SELFOSS. 0,03 hillumetar
– Leikfélag Selfoss, Sigríður Hafsteinsdóttir
afhenti.
- 2010/105 FISKVINNSSLAN SEL. 0,06 hillumetar –
Bæjarbókasafn Ölfuss afhenti.
- 2010/106 BJARNI JÓNSSON. 0,06 hillumetar –
Bæjarbókasafn Ölfuss afhenti.
- 2010/107 ÁRNI SVERRIR ERLINGSSON. 0,03
hillumetar – Árni Sverrir Erlingsson afhenti.
- 2010/108 KRISTJÁN SVEINSSON. 1 hillumetri –
Steinþór Kristjánsson afhenti.
- 2010/109 ÞÓRHALLUR HÁLFDÁNARSON,
STYKKISHÓLMI. 0,03 hillumetar – Bjarni
Pórhallsson afhenti.
- 2010/110 FRÉTTABRÉF SKEIÐA- OG
GNÚPVERJAHREPPS. 0,03 hillumetar –
Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.
- 2010/111 ÁVETAN Í FLÓAHREPPI. 0,03
hillumetar – Ungmennafélöginn Baldur,
Samhygð og Vaka í Flóahreppi afhent.
- 2010/112 HVATARBLAÐIÐ. 0,03 hillumetar –
Ungmennafélagið Hvöt afhenti.

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi

Félag héraðsskjalavarða á Íslandi hóf sitt annað starfsár 2010. Skipun stjórnar er óbreytt frá fyrra ári.

Á árinu stóð félagið fyrir átaki um söfnun skjala sóknarnefnda ásamt Biskupi Íslands, hr. Karli Sigurbjörnssyni. Átakið hófst með blaðamannafundi á Dómkirkjuloftinu 3. febrúar, sama stað og Landsskjalasafnið var stofnað 1882. Landsskjalasafnið varð að Þjóðskjalasafni Íslands 1915. Átaksverkefninu er ekki lokið, en ljóst er að heimtur á skjölum eru góðar. Héraðsskjalasafni Árnesinga hafa borist afhendingarfrá 10 sóknarnefndum og þá hafa fleiri sóknarnefndir haft samband við skjalasafnið. Niðurstöður af átaksverkefninu verða teknar saman í skýrslu eins og gert var með átaksverkefni um söfnun á skjölum kvenfélaga og félaga kvenna árið 2009.

Félagið stóð fyrir námskeiði um skjalavörlu leik- og grunnskóla á Alþjóða

skjaladeginum 9. júní. Námskeiðið var haldið í húsakynnum Háskólfélagsins á Suðurlandi á Selfossi með fjarfundabúnaði. Héraðsskjalaverðir og starfsmenn 14 skjalasafna af öllu landinu sóttu námskeiðið. Félag héraðsskjalavarða mun á árinu 2011 standa fyrir frekari fræðslu um skjalavörlu skóla og annarra námskeiða.

Félagið hefur auk þess staðið að nokkrum fundum héraðsskjalavarða, sett fram athugasemdir við drög að heildarendurskoðun á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands auk þess að halda úti heimasíðu www.heraðsskjalasafn.is en þar er að finna efni tengt skjalavörlu með áherslu á skjalavörlu á sveitarstjórnarstiginu. Á þessum tæpu tveimur árum hefur félagið sannað mikilvægi sitt sem samstarfsvettvangur héraðsskjalasafnanna og stutt við þá góðu fagþekkingu sem þar er til staðar.



Starfsmenn á héraðsskjalasöfnum Mosfellsbæjar, Kópavogs, Austfirðinga og Borgarskjalasafns Reykjavíkur auk starfsmanna Héraðsskjalasafns Árnesinga á námskeiði um skjalavörlu grunn- og leikskóla. Ljósmynd Hér Árn.

25 afmæli Héraðsskjalasafns Árnesinga

Á aðalfundi sýslunefndar Árnессýslu 6. og 7. júní 1985 var stofnsamþykkt Héraðsskjalasafns Árnesinga samþykkt og síðan undirrituð af þjóðskjalaverði 15. nóvember 1985 sem telst formlegur stofndagur héraðsskjalasafnsins. Undirbúning að stofnun Héraðsskjalasafns Árnesinga má þó rekja aftur til vorsins 1982 þegar félag áhugamanna um héraðssögu Árnессýslu var stofnað en meginmarkmið félagsins var að koma á fót héraðsskjalasafni. Sögufélag Árnesinga var síðan stofnað 1990 og hefur allt frá byrjun tengst héraðsskjalasafninu órjúfanlegum böndum.

Á fundi um haustið 1985 var ákveðið að leigja húsnæði að Kirkjuvegi 16 til starfseminnar. Skjöl voru þegar farin að berast skjalasafninu, m.a. skjalasafn Björns Sigurbjarnarsonar, Björns í bankanum. Þá hafði Bærar- og héraðsbókasafnið á Selfossi einnig tekið við fjölda afhendinga.

Sumarið 1985 var Finnur Magnússon ráðinn til að fara um sýsluna til að safna skjölum, afla upplýsinga og kynna skjalasafnið. Árið 1986 var Inga Lára Baldvinsdóttir ráðin til að safna skjölum en Kristinn Júlíusson sá um móttöku skjala.

Í lok árs 1987 var óskað eftir því að starfsemi safnsins yrði flutt í sýningarsal safnahússins við Tryggvagötu 23 og á vormánuðum 1988 var skjalasafnið flutt. Erlingur Brynjólfsson gekk þá til liðs við skjalasafnið en þeir Kristinn og Pétur hættu. Ekki var fastur starfsmaður við skjalasafnið á þessum tíma.

Vatnaskil urðu í rekstri skjalasafnsins árið 1990 þegar ákveðið var að ráða starfsmann í hálfa stöðu við skjalasafnið. Björn Pálsson sem var flestum hnútum kunnugur var ráðinn en Björn tók á sínum

tíma þátt í stofnun áhugamannafélagsins og var fyrsti formaður stjórnar skjalasafnsins eftir að það fékk starfsleyfi þjóðskjalavarðar. Þann 8. september 1991, á 100 ára afmæli Ölfusárbrúar, flutti skjalasafnið í gamla kaupfélagshúsið sem nú hýsir bæði Bókasafn Árborgar og ráðhús Sveitarfélagsins Árborgar. Björn létt af störfum í ágústlok 2009 og Þorsteinn Tryggvi Másson var þá ráðinn héraðsskjalavörður.

Á héraðsskjalasafninu eru nú tæplega 1.000 hillumetrar af skjölum frá sveitarfélögum í sýslunni og stofnunum á þeirra vegum auk skjala frá fjöldu félaga, fyrirtækja og einstaklinga. Yfir 100.000 ljósmyndir hafa borist skjalasafninu. Afhendingarnar á þessum 25 árum eru orðnar um 1.300 talsins.

Hlutverk Héraðsskjalasafns Árnesinga er í meginatriðum tvíþætt. Skjalasafninu ber að varðveita skjöl sveitarfélaga sýslunnar, bæði hinna fornu 18 hreppa, og þeirra átta sveitarfélaga sem nú eru í sýslunni. En sveitarfélögum og undirstofnunum þeirra ber skylda til að afhenda héraðsskjalasafninu skjalasöfn sín. Skjalasafnið hefur eftirlitsskyldu gagnvart sveitarfélögum og vinnur náið með starfsfólk sveitarfélagana að því að gera skjalavörsu þeirra öruggari, skilvirkari og ódýrari. Þetta er stjórnsýslulegt hlutverk skjalasafnsis. Þá ber skjalasafninu að varðveita og efla þekkingu á sögu Árnессýslu. Skjalasöfn félaga, fyrirtækja og ekki síst einstaklinga varpa ljósi á ýmsa þætti í sögu sýslunnar. Skjalasafnið tekur við einkaskjalasöfnum, skráir og tryggir aðgengi almennings að þeim. Þetta er hið menningarlega hlutverk skjalasafnsins.

Afmælissýning Héraðsskjalasafns Árnesinga í tilefni af 25 ára afmæli safnsins var opnuð 1. desember og stóð til jóla. Á sýningunni gat að líta ljósmyndir í vörslu safnsins, flestar úr söfnum Tómasar Jónssonar, Sigurðar Jónssonar og Jóhanns Þórs Sigurbergssonar.

Átak í söfnun ljósmynda hófst í ársbyrjun 2010 og stendur enn yfir, en Gunnar Sigurgeirsson ljósmyndari

hefur farið um héraðið fyrir hönd skjalasafnsins. Stærstur hluti þeirra ljósmynda sem voru til sýnis eru afrakstur af þessu átaki. Á afmælissýningunni voru rúmlega 200 myndir sýndar á 3×2 metra tjaldi í glugga skjalasafnsins. Gestir nutu þess að skoða sýninguna utandyra. Þá voru líka sýndar stuttar 8 mm kvikmyndir sem skjalasafninu hafa borist.



Ólafur Ásgeirsson þjóðskjalavörður, Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður, Björn Pálsson fyrrverandi héraðsskjalavörður og Kjartan Björnsson formaður stjórnar Héraðsskjalasafnsins við afhendingu gjafar Þjóðskjalasafns Íslands til Héraðsskjalasafns Árnesinga á 25 ára afmæli Héraðsskjalasafnsins.



Úr safni Árna Sverris Erlingssonar, afb. 2010/98. Frá úrslitum í 100 metra hlaupi kvenna á 12. landsmóti UMFÍ á Laugarvatn 4. júlí 1965. Björk Ingimundardóttir skjalavörður á Þjóðskjalasafni Íslands sigraði keppnina, á eftir henni eru Lilja Sigurðardóttir, Valgerður Guðmundsdóttir og Puriður Jónsdóttir.

HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNE SINGA

Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189-2849

heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is

Opnunartími
Mánudaga og föstudaga kl. 13:00 - 17:00
Þriðjudaga og fimmtudaga kl. 10:00 - 17:00

Stjórn safnsins

Kjartan Björnsson, stjórnarformaður

Sveinn Steinarsson, varaformaður

Tryggvi Steinarsson, ritari

Starfsmenn skjalasafnsins

Þosteinn Tryggvi Másson, héraðsskjalavörður
thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður
saevar@heradsskjalasafn.is

Gunnar Sigurgeirsson, ljósmyndasafn
gunnar@heradsskjalasafn.is



WWW.HERADSSKIALASAFN.IS